


GRUNNMYND - RÝMI 01-02
mkv. 1:100

## BRUNATÁKN:

Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu. — EI-60

Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu. — A-EICS-60

Rýmingarleið.

Útljós. — ÚT

BYGGINGARTÁKN:

| | |
|---|---|
| Gegnumstreymisniðurfall. | GN |
| Loftræst rými. | LR |
| Handlaug. | HL |
| Matvælavaskur. | MV |
| Áhaldavaskur. | ÁV |

## BRUNAVARNIR:

Byggingin er tvær brunasamstæður, annars vegar rými 0103 sem er um 1340m2 og hins vegar 0101 og 0102 sem er önnur samstæða um 350m2 sem er skipt upp í tvö brunahólf með tilheyrandi rýmingarleiðum. Í rými 0102 eru tvær óháðar flóttaleiðir þar sem hvergi er lengra en 25m í næsta útgang. Allar klæðningar eru í flokki 1. Flóttahurðir eru útbúnar með neyðarhún eða "push-pad" skv. ÍST EN 179, 1997.
Loftrásir frá háf í eldhúsi verða í samræmi við grein 9.6.14 í bgr. Þær verða úr óbrennanlegu efni, með heilsoðnum samsetningum og ganga órofnar út. Þær verða EI-30 B-s1,do, þannig gerðar að auðvelt sé að hreinsa þær, og með viðeigandi eldvarnarbúnaði og fitugildrum.
Slökkvitæki verða í öllu húsinu.

Allar flóttaleiðir og björgunarop haldast óbreytt frá samþykktum uppdráttum

Samþykkt þann
09 JAN. 2013
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
f.h. Brynjar Rafn Ólafsson

## LÝSING ERINDIS

Erindið er til komið vegna breytinga á veitingarými 01-02 í NA-hluta verslunarbyggingar að Tjarnarvöllum 15.

Staðurinn verður skilgreindur sem veitingastaður í flokki 2, þar sem vínveitingar verða umfangslitlar og afgreiðslutími ekki lengri en til kl. 23. Áætlaður fjöldi starfsmanna er 3 á háannatíma, hámarksfjöldi gesta er 47. Hámarksfjöldi á veitingastaðnum er 50 manns.

Fyrirhugaðar breytingar felast í eftirfarandi:
Veitingasal og afgreiðslu er breytt lítillega. Heildarstærð veitingastaðarins er uþb. 200m2, en stærð veitingasals verður 102m2. Snyrtingar fyrir gesti eru lagfærðar og þeim fjölgað. Eftir breytingu verða 3 snyrtingar fyrir gesti, þar af ein aðgengileg hjólastólum.
Eldhús er lagfært, nauðsynlegum búnaði bætt við og uppþvottaaðstaða færð þannig að hún (og aðkoma að henni) sé aðskilin frá eldunarsvæði. Starfsmannaaðstöðu er breytt þannig að kaffistofa starfsmanna verður staðsett inn af eldhúsi og uppþvottaaðstöðu, snyrting starfsmanna og starfsmannaskápar verða áfram inn af lageraðstöðu, við inngang í veitingasal (þar sem starfsmannaaðstaða er í dag).

Sorpgámar fyrir veitingastaðinn verða staðsettir í sorpgerði við verslunar Bónus á austurhlið hússins. Forðageymsla gaskúta fyrir veitingahúsið verður staðsett við Austurhlið, í stöðluðum kassa samþykktum af Brunamálastofnun. Hindranir verða við gasgeymslur til að tryggja að bílum sé ekki lagt innan 3m frá gaskútum.

Tjarnarvellir er einnar hæðar bygging, hönnuð af Arkís árið 2005. Byggingin gegnir hlutverki verslunar- og þjónustuhúsnæðis. Byggingin skiptist upp í 3 verslunareiningar, auk skyggnis við inngang. Sjá byggingarlýsingu Arkís á afstöðumynd.

Útveggir eru berandi og gerðir úr járnbentri steinsteypu, aðalburðarvirki þaks í rými 0103 er kraftsperrur úr stáli en burðarvirki í rými 0101 og 0102 eru kraftsperrur úr límtré. Á milli sperranna eru sjálfberandi einingar.




GRUNNMYND - HEILD
mkv. 1:200

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
8/1 '14

06.01.2014


AOK
KÁRI EIRÍKSSON arkitekt FAÍ - kt: 070365-4059 - VERKSTÆÐI ARKITEKTA ehf
Gunnarssundi 5 - 220 Hfj. - sími: 699 0999 - email: aok@aok.is - www.aok.is


| | |
|---|---|
| TJARNARVELLIR 15 - HAFNARFIRÐI<br>BREYTINGAR Á INNRA SKIPULAGI | 13/23 |
| AÐALUPPDRÁTTUR | mkv: 1:100 / 200 |
| grunnmynd, skýringarmynd | 0201 |
| hannað: KE teiknað: KE | dags: 25.11.2013 |

breyting A:
breyting B:
breyting C:
breyting D:

A2 ATH! Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð. Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum. Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar.